

Nd.

## 277. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

### 1. gr.

Síðari málsgrein 37. greinar laga nr. 29 9. apríl 1947 orðist svo:

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35. og 36. gr. getur, fer samkv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Í núgildandi lögum um vernd barna og ungmenna er yfirleitt fylgt þeirri reglu að láta foreldra eða forráðamenn þeirra barna, sem barnaverndarnefndir eða barnaverndarráð verða að ráðstafa, bera sem minnstar fjárhagslegar byrðar af þeim ráðstöfunum. Eru til þess þær eðlilegu ástæður, að þessir aðilar taka aldrei börn eða ungmenni af heimilum þeirra nema af mjög brýnni nauðsyn, og stundum án samþykkis eða jafnvel gegn vilja aðstandenda þeirra. Þessar framkvæmdir eru ákaflega erfiðar og óvinsælar og mundu verða næstum óframkvæmanlegar í sumum tilfellum, ef þeim fylgdu miklar fjárhagslegar byrðar fyrir aðstandendurnar.

Mestur kostnaður af slíkum ráðstöfunum er venjulega sá, þegar barni er komið fyrir til langdvalar á opinberu barnahæli. Fer þá um greiðslu kostnaðarins eftir lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuþla, þ. e. að ríkissjóður greiðir  $\frac{1}{2}$  kostnaðarins, en sveitar- eða bæjarsjóður  $\frac{1}{2}$  hluta, sbr. 37. gr. laganna. En um greiðslu kostnaðar við dvöl barns eða ungmennis á athugunarstöð eða upptökuheimili eru engin sérákvæði í lögnum, og er því allur sá kostnaður endurkræfur frá lögskyldum framfærslumanni þess. -- Mun ákvæði um þetta hafa fallið niður af vangá, og er frv. þetta flutt til að bæta úr því.

Kostnaður við dvöl barna og ungmenna á athugunarstöð eða upptökuheimili er mjög hár á hvern dvalardag, fyrst og fremst vegna þess, að tala þeirra, sem þar dvelja, er mjög mismunandi, en kostnaður við starfsmannahald, húsnæði, ljós, hita o. s. frv. sá sami, hvort sem dvalarbörn eru fá eða heimilið fullsetið. Er greiðsla eðlilegs kostnaðar því ofvaxin flestum foreldrum, ef um lengri dvöl er að ræða en nokkra daga. Einnig er þess að gæta, að flutningur barns eða ungmennis á athugunarstöð eða upptökuheimili er venjulega erfiðasti hlutinn af þeirri nauðsynlegu framkvæmd að koma því burtu úr óhæfum uppeldisaðstæðum. Fjárhagshliðin má því undir engum kringumstæðum torvelda þá framkvæmd.

Ríkissjóður rekur nú upptökuheimili að Elliðahvammum við Reykjavík, og er ráðstafað þangað börnum og ungmennum viðs vegar að af landinu. Er samþykkt þessa frv. nauðsynleg til að koma rekstri þess á eðlilegan grundvöll.